



*Lífsandi þinn greyptist í sál mína  
og saman lögðum við gangstíg  
ástarinnar upp fjallið.  
þar til tindinum var náð*

Úr FIMM VÖRÐUR Eftir Draumey Aradóttir.

Fuglinn er Sléttuvegur 29-31  
með vængina úr samkomusalnum (búkurinn) sem tengir húsin saman.  
Hástemmdur arkitektúr.

## Stuðningshlífur og spelkur

- Veita góðan stuðning við liðamótin
- Henta vel við slitgigt og liðagigt
- Draga úr bólgu og bjúg
- Góð öndun
- Fjölbreytt úrval

*Fagleg ráðgjöf sjúkráðgjafara*

Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



# LÆGRA LYFJAVERÐ

FYRIR ELLI- OG ÖRORKULÍFEYRISPEGA



**OG 5% AFSLÁTTUR**  
AF LAUSASÖLULYFJUM, VÍTAMÍNUM,  
BÆTIEFNUM OG ANNARRI VÖRU

 **Apótekið**  
– einfalt og ódýrt

# Samviskubitnir ráðgjafar í kjaramálum lífeyrislaunþega

Nú skal bæta kjör barnafólks, en ekki leiðréttu 2009 skerðingar lífeyrislauna

Álfheiður Ingadóttir, formaður þingflokks Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs, sagði í samtali við fréttastofu RÚV 01.08 að Fjárlagafrumvarpinu hefði verið vel tekið í þingflokki Vinstri grænna. Hún tekur undir það sem Oddný G. Harðardóttir fjármálaráðherra sagði í fréttum RÚV í gær, að þetta væru ekki niðurskurðarfjárlög. Álfheiður segir að frekari niðurskurður sé ekki í kortunum og að tími uppbyggingar sé framundan. Þingmenn Samfylkingar sem fréttastofa talaði við í dag, tóku í sama streng og sögðu stjórnarþingmenn vera samstiga í öllum grundvallaratriðum fjárlagafrumvarpsins. Fjármálaráðherra segir að velferðarmál séu í forgangi við gerð fjárlaga og að sérstök áhersla verði lögð á að bæta hag barnafólks í komandi fjárlögum. Vinna við fjárlagafrumvarpið er nú á lokastigi en það verður lagt fyrir Alþingi þegar það kemur saman í haust, þriðjudaginn 11. september.

Hvað með lífeyrislaunþega? Enn og aftur hornreka eða hvað? Annað væri stílbrot og eru sömu skítlegu vinnubrögð sem við höfum upplifað allt frá 1972 og síðan frá janúar – júlí 2009 þegar stjórnvöld lögðu niður allar leiðréttingar skerðinga sem Jóhanna hafði knúið fram 2005 af miklu harðfyllgi.

Ásmundur Stefánsson sagði á fundi um lífeyrismál 21. maí- m.a. „að fyrstu 73 þúsund krónumar sem ellilífeyrisþegar væru með í tekjur úr lífeyrissjóði væru gerðar upptækar í gegnum skerðingar í almannatryggingarkerfinu. Skerðingin væri 100%“. Ásmundur sagði „að það væri því ekki óeðlilegt að fólk varpaði fram þeirri spurningum, hvers vegna það hefði verið að greiða í lífeyrissjóð. Hann hefði á sínum tíma hvatt fólk til að greiða í lífeyrissjóð og sýna þannig fyrirhyggju í fjármálum. Hann sagðist hafa samviskubit gagnvart þessu fólki“. Ásmundur kynnti á fundinum útreikninga á því hvað samfélagið væri að greiða mikið fyrir þjónustu við aldraða og hvað aldraðir væru að greiða mikið til þess með sköttum sínum. Niðurstaða hans var að aldraðir fjármögnuðu sjálfir útgjöld vegna lífeyris og

hjúkrunarheimila. Samfélagið greiddi ekkert til þessara verkefna. Ásmundur gagnrýndi samtök aldraða fyrir að standa ekki upp í hárinu á stjórnvöldum í þessu máli.

En nú er á ferðinni enn ein þykjustu nefnd, sem í þykjustunni þykist vera að vinna við að finna leiðir til skila eldri borgurum þýfi sem ríkissjóður hefur stolið frá þeim undanfarna áratugi. Ásmundur ætti að skoða þetta með gagnrýnum hug. En þar segir í nefndaráliti að skerðingar vegna tekjutenginga í bótakerfi ellilífeyrisþega verða minnkaðar í áföngum og bótaflokkar sameinaðir í einn bótaflokk ellilífeyris, verði tillögur starfshóps, sem unnið hefur að endurskoðun almannatryggingakerfisins, lögfestar. Einróma samkomulag náðist í hópnum í seinustu viku um tillögur sem sendar hafa verið til velferðarráðherra um breytingar á þeim hluta sem varðar ellilífeyrisþega. „Þetta er stórt mál vegna þess að þarna er verið að tengja saman bótaflokka og gera þetta skiljanlegra og auðveldara í útreikningi,“ segir formaður nefndarinnar. Nefndin hefur einnig sameinast um tillögu um að dregið verði úr umdeildum tekjutengingum í bótakerfinu. Lagt er til að skerðing framfærsluuppbótarinnar vegna tekna verði í fyrsta áfanga lækkuð úr 100% í 80%, sem tæki þá gildi 1. janúar á næsta ári. Skerðingarmörkin lækki svo áfram í áföngum fram í janúar 2017, þegar nýtt fyrirkomulag verður að fullu komið í gagnið.

Stjórnvöld eru búinn að leiðrétta allar kreppuskerðingar launa fyrir löngu og atvinnurekendur einnig. En leiðréttingar bóta Almennra trygginga á að leiðrétta á fjórum árum. Þetta eru skítug vinnubrögð og að því

virðist eðlislæg fyrir samviskubitna ráðgjafa í kjaramálum lífeyrislaunþega. Samanber niðurstöður m.a. Ásmundar og margra annarra sem hafa ályktað um þetta mál.

Árni Gunnarsson, fyrrverandi alþingismaður, er formaður starfshópsins sagði að fyrr eða síðar munu lífeyrissjóðirnir taka algjörlega við þessu ellilífeyriskerfi og það er miklu eðlilegra að menn afli síns eigin ellilífeyris með því að greiða í lífeyrissjóði.“ segir Árni.

„Það er ósiður að sofa í vinnunni – og segja ósatt“, hugsaði ég upphátt.

„Því við sem nú erum við ævkvöldið höfum greitt í tvo lífeyrissjóð, í það minnsta, frá 16 ára aldri og lengst af starfævninni höfum við greitt skatta af iðgjöldum til sjóðanna, enn erum nú arðrændir með annarsvegar með skerðingum almenna kerfisins og hinsvegar með tvísköttum frjálsa kerfisins.“

Ásmundur sagðist hafa samviskubit gagnvart þessu fólki, greindur maður Ásmundur, að geta greint allt það miskunnarleysi sem hér er á ferð, heilstætt, líka vel vaknaður!...“.

Það er niðurstaða okkar eins og Ásmundar, að eldri borgarar eiga innistæður hjá ríkissjóði vegna skitugra handa hirðanna á Alþingi. Þessa peninga krefjumst við, án aulafyndni Alþingismanna. Ég held að hollt sé öllum að kíkja í sögu eftirlaunakerfanna á Íslandi og þau skemmdarverk sem á þeim hefur dunið í að gera þau að ölmsukerfum undir stjórn sérhagsmunapots íslenskra stjórmmála.

EGJ.

GRÁTANDI ENGILL

Þar liggur hvítklædd sál við dauðans dyr,  
hún dagsins verkum öllum hefur lokið,  
er myrkerið nálgast, hógvæð hugur spyr  
hvort hjartað verði núna laust við okið.

Kristján Hreinsson

# Saga lífeyrissjóðanna

Höfundur: Jenný Guðmundsdóttir Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

Leiðbeinandi: Örn Daníel Jónsson Maí 2009.

Ritgerðina alla, er að finna á Skemman.is

Heimildir benda til að fyrsti vísirinn að lífeyrissjóðum á Íslandi, megi finna í lagaákvæði frá árinu 1851. Í lagaákvæði þessu var kveðið á „um skyldur embættismanna til þess að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag“. Lög þessi voru hins vegar ekki lögleidd fyrir en í maí 1855. Árið 1904 voru sett lög um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri. Við söfnun á ellistyrk átti embættismaður að verja árlega 2% af launum sínum. Við kaup á geymdum lífeyri skyldi embættismaður hins vegar leggja til 1,33% af launum sínum. Ef hins vegar kaupandi lífeyris andaðist áður en til lífeyrisgreiðslna kæmi, tapaðist allur lífeyrinn. Á sama tíma voru sett lög um eftirlaun sem tryggðu embættismönnum eftirlaun úr landssjóði.

Árið 1919 var stofnaður Lífeyrissjóður embættismanna. Samkvæmt lögum var embættismönnum skylt að ráðstafa 5% af launum sínum til sjóðsins. Frá árinu 1943 heitir þessi sjóður Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (Ólafur Ísleifsson, 2007).

Fyrstu eiginlegu lífeyrissjóðirnir urðu hins vegar ekki til fyrir en í júní 1921 en þá voru sett lög um tekju- og eignaskatt með ákvæði um skattfrelsi iðgjalda til lífeyrissjóða.

Lífeyrissjóður embættismanna og ekkna þeirra var stofnaður 1921 sem og Lífeyrissjóður barnakennara. Í kjölfarið fylgdu fleiri sjóðir, bæði í opinbera og einkageiranum. Nokkur fyrirtæki komu á fót sjóðum fyrir starfsmenn sína því þrátt fyrir Alþýðutryggingarlögin (1936) þótti ellilífeyrinn samkvæmt þeim svo lágur og jafnaðist engan veginn við lífeyri embættismanna, að ástæða þótti til að stofna til lífeyrissjóða sem greiddu lífeyri til viðbótar ellilífeyri þeirra (Hrafn Magnússon, 2003).

Á árinu 1943 var stigið stórt skref í lífeyrismálum opinberra starfsmanna þegar Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins var stofnaður með lögum frá Alþingi (Hrafn Magnússon, 2003). Þegar lögin um almannatryggingar voru sett árið 1946, voru lífeyrissjóðirnir alls um 15 talsins. Í þessum sjóðum voru starfsmenn ríkisins, nokkurra bæjarfélaga, banka og stærri fyrirtækja í samvinnu- og einkarekstri. Um almenna þátttöku verkafólks innan ASÍ að lífeyrissjóðum var hins vegar ekki um að ræða.

Grundvöll núverandi lífeyrissjóðakerfis má rekja aftur til ársins 1969, þegar í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, var samið um að setja upp atvinnutengda lífeyrissjóði með skylduaðild og fullri sjóðsöfnun frá byrjun árs 1970 (Már Guðmundsson, 2000). Áður en samkomulagið var gert árið 1969 voru fjárhagsaðstæður almenns launafólks á eftirlaunaaldri ekki góðar. Það var því næst ómögulegt fyrir

aldraða, sem höfðu verið á almennum vinnumarkaði, að sjá fyrir sér með ellilífeyri almannatrygginga.

Þeir sem fæddir voru fyrir 1914 og höfðu því, fyrir aldurs sakir, ekki unnið sér inn næg réttindi til lífeyris úr sjóðunum fengu sérstakar eftirlaunagreiðslur. Ríkissjóður fjármagnaði ¼ af eftirlauninum og Atvinnuleysisstryggingasjóður sá um að fjármagna afganginn eða ¾ (Már Guðmundsson, 2000).

Árið 1974 voru sett lög sem skylduðu alla launamenn og atvinnurekendur þeirra að greiða a.m.k. 10% af iðgjöldum til lögbundinna eða viðurkenndra lífeyrissjóða. Með lögum frá árinu 1980 náði þessi skylda einnig yfir sjálfstætt starfandi einstaklinga. 1986 var síðan samið um að greidd væru iðgjöld af öllum launum, ekki aðeins af dagvinnulaunum (Már Guðmundsson, 2000).

Undirbúningur lagasetningar um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða stóð með hléum frá árinu 1976 en árið 1997 voru lög um það efni samþykkt. Þrjú mikilvæg skref voru tekin á síðasta tug seinni aldar, einkum þó á árinu 1997 en þá náðist mjög víðtæk sátt hagsmunaaðila um sérstaka rammalöggjöf um starfsemi lífeyrissjóða. Samkomulag milli fjármálaráðherra og opinberra starfsmanna um lífeyrismál þeirra ruddi brautina fyrir þessari sátt. Það fól í sér að lífeyrisréttindi þeirra myndu smám saman byggjast á fullri sjóðsöfnun og svipuðu réttindaávinnslukerfi og almennum vinnumarkaði en ábyrgð launagreiðenda myndi haldast (Hrafn Magnússon, 2003).

## Meginstoðirnar lífeyriskerfisins að fyrirmynd Alþjóðabankans

	Opinbert kerfi skylduaðild	Óopinbert kerfi Með skylduaðild	Frjálst kerfi
Hlutverk /Markmið	Tekjutilfærsla og samtrygging	Sparnaður og samtrygging	Sparnaður og trygging
Form	Tekjutengdur lágmarkslífeyrir eða flatur lífeyrir	Einstaklingsbundinn Eða atvinnutengdur sparnaður	Einstaklingsbundinn Eða atvinnutengdur sparnaður
Fjármögnun	Skattar	Full sjóðsöfnun en Opinbert eftirlit	Full sjóðsöfnun

Heimild; Már Guðmundsson, 2000.

Tilvitnun í BS. Ritgerð Jenný Guðmundsdóttir er þar með lokið, Ritgerðina alla, er að finna á Skemman.is.



FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

# NÝ OG STÍLFÖGUR ELDHÚSTÆKI FRÁ AEG SEM GERA GOTT ELDHÚS ENN BETRA

Nýju ofnarnir frá AEG búa yfir miklum fjölbreytileika í lögun og leikni. Nýtanlegt innra rými ofnanna er nú 30% stærra en áður og eru þeir nú 74 lítrar að stærð án þess að ummál þeirra hafi aukist.



BE3003001-M

3 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur og auðveldur í notkun og allri umgengni

8 aðgerðir • blástur með elementi • blástur með undirhita (pizza stilling) • undir og yfirhiti • undirhiti • affrysting • grill einfalt • grill tvöfalt • grill og blástur • rafeindaklukka • sökkhnappar • þrefalt gler í ofnhurð – kaldari framhlið. Íslensk notendahandbók.



BE5303071-M

5 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn með hraðhitakerfi, sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni

9 aðgerðir • blástur með elementi • blástur með undirhita (pizza stilling) • undir og yfirhiti • undirhiti • affrysting • grill einfalt • grill tvöfalt • grill og blástur • hraðhitun • barnalæsing á stillingum • rafeindaklukka • sökkhnappar • þrefalt gler í ofnhurð – kaldari framhlið.

**Einnig fánlegur með sjálfhreinsikerfi.**  
Íslensk notendahandbók.



BE7314401-M

7 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum

12 aðgerðir • blástur með elementi • blástur með undirhita (pizza stilling) • undir og yfirhiti • undirhiti • affrysting • grill einfalt • grill tvöfalt • grill og blástur • hæg eldun (slow cook) • frosin matvæli • halda heitu • spareldun (ECO Roasting) • barnalæsing á stillingum • stafrænn upplýsingaskjár • fjórfalt gler í ofnhurð – kaldari framhlið.

**Einnig fánlegur með sjálfhreinsikerfi og sem gufuofn.**

Íslensk notendahandbók.



BP9304151-M

9 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli, hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum og sjálfhreinsikerfi

18 aðgerðir – Multifunction • blástur með elementi • blástur með undirhita (pizza stilling) • undir og yfirhiti • undirhiti • affrysting • grill einfalt • grill tvöfalt • grill og blástur • hæg eldun (slow cook) • frosin matvæli • halda heitu • spareldun (ECO Roasting) • hefun • brauðbaktur • gratenering • þurrkun (ávéxtir/grænmeti) • diskahitun • niðursuða • barnalæsing á stillingum • stafrænn upplýsingaskjár • fjórfalt gler í ofnhurð – kaldari framhlið.

**Einnig fánlegur sem gufuofn.**

Íslensk notendahandbók.

## AÐ ELDA MEÐ AEG

Þegar þú eldar með AEG máttu búast við frambráðri tækni, flottri hönnun og fjölmörgum stillingarmöguleikum sem bjóða upp á svo margt, margt fleira.

## FULLKOMIN HÖNNUN

AEG ofnarnir eru hannaðir til að skara fram úr á öllum sviðum. Þeir eru einstaklega fjölhæfir, áreiðanlegir og þar að auki glæsilegir útlits.

## AEG HELLUBORÐ AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM

Ný glæsileg lína helluborða frá AEG býður upp á fullkonnustu tækni, hvort sem þú velur spansuðu- eða venjulegt hraðsuðuhelluborð eða fyrir gas þá er úrvalið mikið og útærslurnar fjölbreyttar.

VERSLANIR OG  
UMBODSMENN  
UM LAND ALLT

# ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800  
www.ormsson.is



### Pólítísk mistök

Ekki má gleyma þeim hörmulegu pólítísku mistökum sem gerð voru þegar Almennatryggingargjaldinu var breytt frá nefgjaldi, og fært yfir í útsvarstekjur sveitarfélaga, en eftir harðvítuga baráttu sveitarfélaganna gegn því innheimtu hlutverki var gjaldið fært yfir í tekjuskattkerfið. Ég minnst þess að gjaldið var 20.000 kr/ á ári á mann yfir 16 ára aldri upp úr 1970. (Fyrir núllfækkun) en þá átti ég sæti í sveitarstjórn Egilsstaðahrepps og sat í niðurjöfnunarnefnd. Þetta gat ekki gengið upp því það voru ótrúlega margir sem lifðu á taprekstri og greiddu ekki útsvar. Þetta er að mínu mati eitt ljótasta hagsmunapot og mannréttindabrot fyrir ákveðnar stéttir á lýðveldistímanum. Svo geta menn getið sér til um hvaða stéttir á þetta við, sem bjuggu bæði við skattleysi og greiddu ekki útsvar. Allavega eyðilagði þetta hugsjónir okkar mætustu manna um sterkasta velferðakerfi

á norðurlöndum eins og fram kom í stjórnarsáttmála Nýsköpunarstjórnarinnar 1946. Hafa þó í huga vandamál sjúkrasamlaga og margra lækna og einkareknu sjúkrahúsanna voru þá eins og nú í „tómu“ tjóni af sömu ástæðu. Er það ekki merkilegt að í samfélagi okkar eru skyldutryggingar með stýrðum iðgjöldum, á bílum, skipum og fasteignum, en ekki um langan tíma á atkvæðisbæru fólkinu, Stórfurðulegt?, eða hvað?.

Erfitt var með innheimtu sjúkrasamlagsgjalda og sumstaðar voru sjúkrasamlög ekki til. Ég er með tillögu um að einhver sem þorir, skrifi doktorsritgerð um ofangreindar staðreyndir.

EGJ.



# Tarkett viðarparket

Verðdæmi:  
Eik 3ja stafa kr. 4.590 m<sup>2</sup>



## ALFABORG

Skútuvogi 6 - Sími 568 6755



Nýtt  
2-lock  
endalæsing



Ingólfur  
Gissurarson  
t. 896-5222  
Lögg./Fast.Söl.



Bárður  
Tryggvason  
t. 896-5222  
Sölufóðri



Hrólfur  
Friðjónsson  
t. 896-4477  
Lögg./Fast.Söl.



Elfi  
Róbertsson  
t. 896-4477  
Sölumáður



Erlendur  
Davíðsson  
Löggiltur  
Fasteignasali



Sigbjörn  
Bragason  
t. 896-4477  
Lögg./Fast.Söl.



Jón Rólfur  
Valdimarsson  
t. 896-5222  
Lögg./Fast.Söl.



Margrét  
Spurnevindóttir  
t. 896-4477  
Sölufóðri



Indriðiur  
Friðriksson  
Sölum.  
Sími 864-4333

# Við viljum búa öldruðum áhyggjulaust ævikvöld

Fasteignaviðskipti eru ávallt stórmál hjá öllum sem að þeim koma, ekki síst eldri borgurum. Við hjá Valhöll búum yfir áratuga langri reynslu við verðmat og sölu fasteigna, alls um 150 ár við fasteignasölu (10 starfsmenn, þar af 5 löggiltir fasteignasalar ).

Mikilli þjónustulipurð og sanngjörn sölulaun.

Við erum til þjónustu reiðubúnir frá morgni til kvölds alla daga vikunnar. Þjóðum öldruðum frítt verðmat án skuldbindinga og hagstæð sölulaun, heildar þjónusta alla leið. Sýnum eignir ef þess er óskað.

Erum við símann á vinnutíma, á kvöldin og um helgar.

Bárður Tryggvason sölustjóri. Gsm: 896 5221  
Ingólfur Gissurarson Löggiltur fasteignasali. Gsm: 896 5222

ALLIR ÞURFA ÞAK YFIR HÖFUÐIÐ

VALHÖLL FASTEIGNASALA SÍÐUMÚLA 27 - SÍMI: 588 4477

**Bréf til Morgunblaðsins 12. júlí 1996 undir fyrsögninni  
„Hver stal sjóðnum?“ var allavega tilraun til að hefja þá umræðu**

**Fyrirspurn til Neytendasamtakanna?**

ÉG SNÝ mér til ykkar, þar sem mér er farið eins og fleirum, að þá sjaldan ég skil ráðuneytismenn, þá trúi ég þeim ekki. Erindið er í beinu framhaldi af því sem heilbrigðisráðherra tilkynnti í útvarpi í gær 7.7. 1996: „Að nú skyldi sett á sjúkrasamlagsgjald, undir öðru nafni og sem nefskattur. Gjaldið sé „aðeins“ tvöþúsund og eitthvað krónur og leggist jafnt á alla sem vilja vera með.

**Hver stal sjóðnum?**

Fyrirspurn til Neytendasamtakanna?

Tryggvi Hjörvar: ÉG SNÝ mér til ykkar, þar sem mér er farið eins og fleirum, að þá sjaldan ég skil ráðuneytismenn, þá trúi ég þeim ekki.

Erindið er í beinu framhaldi af því sem heilbrigðisráðherra tilkynnti í útvarpi í gær 7.7. 1996: „Að nú skyldi sett á sjúkrasamlagsgjald, undir öðru nafni og sem nefskattur. Gjaldið sé «aðeins» tvöþúsund og eitthvað krónur og leggist jafnt á alla sem vilja vera með. Annars skulu þeir sko fá að borga fyrir sín veikindi“. Gjaldið leggst líka á þá sem lítill sem engin laun hafa vegna veikinda sinna. Samkvæmt hefðinni hækkar þetta gjald fjórfalt á næstu sex árum. Á sama tíma verður dregið úr niðurgreiðslum í núverandi kerfi uns þeim verður hætt. Það má vera að einhverjum finnist ég gefa mér hæpnar forsendur, en reynslan er ólygnust. Nú er það svo að á mínum uppvaxtarárum voru til sjúkrasamlög sveitarfélaganna og í Sjúkrasamlag Reykjavíkur greiddi ég mín gjöld frá 16 ára aldri og tók þar með þátt í samtryggingu fólksins til niðurgreiðslu lyfja og lækunískostnaðar. Mér þótti þetta sjálfsagt og gott.

Þar kom að stjórnsmálamenn sáu ofsjónum yfir þessu fjármagni sem ekki var undir þeirra stjórn, og settu í lög að þessar greiðslur gengju til Tryggingarstofnunar ríkisins í gegnum skattkerfið. Þeir hækkuðu gjöldin auðvitað í leiðinni til að standa undir aukinni pappírsvinnu.

Nokkrum síðar voru greiðslurnar felldar beint inn í skattana, hækkaðar í leiðinni og sú skýring gefin að þá þyrftu þeir ekki að borga sem minnst mættu sín. Allt er þetta gott og blessað, en hvað eru þessar greiðslur háar í dag, framreiknaðar, og það sem meira er, hvar er sjóðurinn?

Ég hef búið mér til sögu um hversvegna sjúkrasamlögunum var komið yfir á ríkið. Bændur í minni hreppum hafa séð ofsjónum yfir því að þurfa að greiða fyrir þetta líð sem ekki nemti að vinna og því stillt greiðslum til sjóðsins í hóf. Svo hefur einhver bóndinn lagst á spítala og sjóðurinn farið á hausinn. Þá hefur verið hlaupið í þingmanninn og hann síðan hlaupið í sinn ráðherra og hans menn búið til sínar skýringar til þess að koma heila klabbínu yfir á ríkið. Já, ég horfði á þættina «Já ráðherra».

Sem sagt, frá næstu áramótum borgum við í tvö sjúkrasamlög, þetta nýja fer sömu leið í Hítina og eftir 30-40 ár kemur upp það þriðja.

TRYGGVI HJÖRVAR, eldri,  
Austurbrún 35, Reykjavík.



# Og til að kynnast því umhverfi betur sem íslensk stjórnsmál voru í þegar sjóðirnir voru eyðilagðir er rétt að lesa fyrirspurn á Alþingi 1972.

02.02.1972

Neðri deild: 37. fundur, 92. löggjafarþing.  
11. mál, stöðugt verðlag

Gylfi Þ. Gíslason: „Herra forseti. Í sambandi við meðferð þessa máls, sem í sjálfu sér er enginn ágreiningur um, eins og hæstv. forsrh. sagði, langar mig til þess að beina til hans fáeinum fsp.

Þetta frv. er í dagskrá kallað stöðugt verðlag. Það er hins vegar kunnara en frá þurfi að segja, að á Íslandi ríkir nú í dag ekki stöðugt verðlag. Það hafa orðið mjög verulegar verðhækkanir á undanföllum vikum. Umtalsverðastar eru þær verðhækkanir, sem urðu á öllum búvörum öðrum en mjólk og kartöflum um s.l. áramót, auk þess sem t.d. má nefna, að bifreiðatryggingar hafa hækkað, þannig að bifreiðaeigendur verða nú að bera tjon, sem nemur 7500 kr., án þess að tryggingaiðgjöld lækki eða vísitala hækki af þeim sökum. Fleiri dæmi væri auðvitað hægt að nefna um verðhækkanir, sem orðið hafa, en umtalsverðastar eru þó verðhækkanir á landbúnaðarafurðunum. Og þær eru umtalsverðar, vegna þess að þær hafa orðið, eftir að gerðir voru allsherjar kjarasamningar á milli launþegasamtaka og vinnuveitendasamtaka 4. des. s.l. Ef ég, með leyfi hæstv. forseta, má nefna helztu dæmi um þá gífurlegu verðhækkun, sem orðið hefur á landbúnaðarvörum síðan samið var við launþega, þá ber að geta þess, að súpukjöt, i. flokkur, kostaði kílóíð 4. des., þegar launasamningar voru undirritaðir, 124.50 kr. Í dag kostar þetta sama súpukjöt 144 kr. Skyr kostaði 4. des. 24.50 kr., nú kostar það 38 kr. Ostur 45% kostaði þá 142.50 kr., en nú kostar hann 167 kr., hækkar úr 142.50 kr. upp í 167 kr. Og aðrar landbúnaðarvörur hafa hækkað með svipuðum hætti, aðrar en mjólk og kartöflur, eins og ég gat um áðan.

Ég nefni þetta til þess að undirstrika, að í landinu ríkir ekki stöðugt verðlag. En spurning mín til hæstv. forsrh. er sú, hvort það sé enn stefna hæstv. ríkisstj., að launþegar eigi að bera þessa hækkanir á búvörum ásamt öðrum hækkanum, sem orðið hafa, svo sem hækkanir á bifreiðatryggingum, án þess að fá það bætt í hækkaðri kaupgreiðsluvísitölu. Með þessu á ég auðvitað við þá stefnuýfirlýsingu, sem kom fram af hálfu hæstv. ríkisstj. í fjárlagaumr., að sú breyting á skattkerfinu, sem í því felst að fella niður svonefnda nefnskatta, almannatryggingagjald og sjúkrasamlagsgjald, yfir í það að innheimta sömu tekjur, sömu krónutölu, með tekjusköttum eða öðrum sköttum, að þessi breyting á skattheimtu ríkisins eigi að lækka vísitölu framfærslukostnaðar um sem nemur 3.7 stigum, og að þess vegna þýði sú hækkanir á búvörum, sem ég nefndi áðan, í raun og veru ekki aukinn framfærslukostnað launþega.

Mér er ekki grunlaust um, að hæstv. ríkisstj. hafi á sínum tíma haldið, að þetta væri hennar mál. Hún réði þessu. Hún gæti ráðið því, hvort þessi umrædda breyting skattkerfisins hefði áhrif á vísitölugrundvöllinn eða ekki. Ég veit, að henni er nú ljóst, að þetta var rangt, enda benti ég þegar á það hér í umr. um þetta mál, að þetta væri rangt. Þetta var ríkisstj. allsendis óviðkomandi. Það er opinber nefnd, kauplagsnefnd, þar sem oddamaður er skipaður af Hæstarétti, sem kveður á um það, hvernig reikna skuli grundvöll vísitölu framfærslukostnaðar. Ég veit, að á það hefur ekki reynt enn þá, hver skoðun kauplagsnefndar í þessu efni er, ég efast ekki um, að úrskurður hennar á sínum tíma muni verða rökstuddur og réttlátur. En það, sem mér leikur forvitni á að vita, er: Hver er skoðun og stefna ríkisstj. í þessu máli? Er hún enn sú sama sem lýst var af hæstv. fjmrh. í fjárlagaumr., að þessi kerfisbreyting á skattheimtunni eigi að lækka vísitölu framfærslukostnaðar, eins og þar var getið um, þannig að launþegum sé virkilega ætlað að bera þá hækkanir, sem orðið hefur á búvörum eða varð á búvörum um s.l. áramót bótalaust og þar með þola þá kjaraskerðingu, sem af því hlaut? Ég hlýt að minna á það, að stjórn Alþýðusambands Íslands hefur gert ályktun um þetta mál. Í þeirri ályktun felst alger andstaða við þá skoðun, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. í fjárlagaumr. í des. s.l. Ég leyfi mér að vænta þess, að hæstv. ríkisstj. taki það tillit til skoðana miðstjórnar stærstu launþegasamtaka landsins, að hún breyti eða hafi breytt þeirri skoðun, sem hæstv. fjmrh. lýsti í fjárlagaumr. í des. En mér leikur forvitni á að fræðast um þetta og veit, að ekki aðeins mér leikur forvitni á því, heldur mörgum fleiri, öllum launþegum í landinu leikur forvitni á því.“

## Áhersluatriði í málefnum Samtaka aldra frá upphafi 1973 hafa verið og munu áfram vera:

1. Skattar og eftirlaun.
2. Átak á vettvangi umönnunar og aðhlyningar eldri borgara.
3. Lyfjanotkun og lyfjakostnaður.
4. Húsnæði eldri borgara.
5. Mismunur vegna aldurs.
6. Gjáin milli eftirlaunafólks og vinnandi manna verður að minnka.
7. Grunnlífeyri verður að hækka til að auka fjárhagslegt öryggi og draga úr kostnaði.
8. Minnka verður jaðaráhrif eftirlaunakerfisins.

Þetta verðum við að hafa í huga þegar Samtök aldra taka þátt í umræðunni.

**Athugasemd ritstjóra: Vísitölustýring íslenskra efnahagsmála hefur alltaf komið í veg fyrir stöðugt verðlag.**

# Samtök aldraðra í útrás!

## Byggingarflokkur Kópavogur 1



### Kópavogstún 2-4. Skotgangur í framkvæmdum

**Kópavogstún 2-4:** Verkfundur nr. 5, þriðjudaginn 3. júlí 2012, kl. 10.00.

**Mættir:** Guðmundur R. Guðmundsson Dverghamrar ehf., Jón Magnússon, Sigurður Kjartansson og Jóhanna M. Guðnadóttir fullt. byggjenda. Karl Birgisson Mannvit. Valur Sigurbergsson og Ingólfur Antonsson Samtök aldraðra

**Verkstaða:** Fyllingar: Eftir er að fylla að bílgeymsluveggjum, öðrum fyllingum lokið.

- Lokið er uppsteypu á jarðhæðinni og 60% af 1.hæð. (Svarar til 1,6 hæð).
- Undirslætti undir loft 1. hæðar lokið ca. 40%.

- Lokið er undirslætti undir loft yfir bílgeymslu. Járnalögn í hana komin vel á veg.
- Innsteypt í plötunum er raflögn og rör/rör lagnir að ofnum. Snjóbræðslulögn verður í lofti yfir bílgeymslunni. Plastpípur og dósir fyrir raflagnir eru komnar í steypa vegg.
- Gluggar í 2.-3ju hæð eru komnar á byggingarstað.

**Verkátun:** Uppsteypan er ca. 15 dögum á eftir áætlun. Lögð verður áhersla á að vinna seinkunina upp þegar vinna við loft yfir bílskýli er loki. Skiladagur er 15. nóv. 2013.

**Val á búnaði og tækjum:** Hreinlætis og blöndunartæki: Efnissali verður Tengi hf. Tengiliður Magnús Andri.

**Tæki í eldhús:** Verktaki hefur lagt fram lista yfir val á tækjum frá Bræðrunum Ormsson. Tækin eru frá AEG. Tengiliður Ólafur Már.



**Innréttingar:** Verktaki leggur fram teikningar af innréttingum frá Axis Kópavogi. Skoða búnað í skápum, kantlímingar á borðplötur, undirskápaljós ofl.

Kynna þarf val innréttinga fyrir byggjendum strax og ákvörðun liggur fyrir. Tilfærslur á tækjum eða skápum getur orsakað færslu á tenglum ofl.

**Gólfefni:** Flísar og gólfefni verður keypt af Álfaborg hf. v. Skútuvog. Val á efnistegundum liggur fyrir. Tengiliður er Ragnar Már.

Farið verður í skoðunarferð til ofangreindra efnissala og efni og búnaður skoðaður upp úr miðjum ágúst n.k. Endanleg val verður þá staðfest. Fá upplýst hvaða kjör byggjendur fá á efni og búnað ef þeir velja annað..

**Gluggar:** Skoða nánar útfærslu á ytri aðal útihurð með rennihurð í huga.

**Pípulagnir/raflagnir:** Fá lista yfir val á búnaði. Raflagnabúnað, töflur, öryggi, rofa, tengla, dyrasíma ofl. Pípulagnir, salernisskálar. handlaugar, eldhúsvaska, þvottahúsvaska, blöndunartæki, vatnslása, loka, lagnaefni ofl.

**Svalahandrið og glerlokum:** Samið verður við Vélsmiðju Heiðars um hvortveggja. Kanna útfærslu á handriði m.a. hvort glerið sé ekki litað eða sandblásið. Kanna hvort arkitektinn sé búin að uppfæra teikningar.

S.K. bendir á nauðsyn þess að verja vatnsbrettin undir gluggum. Útfærslur verða kannaðar.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 14. ágúst n.k. kl. 10.00. Fundi slitið kl. 11.00. Ritað af I.A.

Nokkrar íbúðir lausar enn!.

**víb**

## Sparnaðarþjónusta fyrir alla

**VÍB veitir sparifjäreigendum og fagfjárfestum alhliða þjónustu**

VÍB - Eignastýringarþjónusta Íslandsbanka er leiðandi á íslenskum markaði og veitir alhliða eignastýringar- og verðbréfabjónustu með áherslu á fagmennsku og fræðslu.

**Eigna- og lífeyrisþjónusta**  
Hefðbundin ávöxtun, sparnaður í áskrift, stakar fjárfestingar og lífeyrissparnaður með aðstoð sérfræðinga okkar.

**Einkabankþjónusta**  
Viðskiptavinum sem gera ríkar kröfur býðst sérsniðin einkabankþjónusta þar sem viðskiptastjóri annast stýringu eignasafnsins og veitir margvíslega ráðgjöf.

**Netbanki**  
Aðgangur að kauphöll og eitt breiðasta sjóðaúrval landsins fyrir þá sem stýra eignasafni sínu sjálfir.

**Fáðu nánari upplýsingar á [www.vib.is](http://www.vib.is) eða pantaðu viðtal við ráðgjafa í síma 440 4900.**

© 2014 VÍB - Íslandsbanki

Íslandsbanki | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | [vib@vib.is](mailto:vib@vib.is) | [www.vib.is](http://www.vib.is)

## Eldri borgarar

### Góðir kirkjugestir

Eldri borgarar er fjölmennur hópur í okkar þjóðfélagi og því ekki óeðlilegt, miklu fremur nauðsynlegt, að við hugleiðum hvert stefnir í málefnum þeirra. Íslendingar, 67 ára og eldri, eru í dag tæp 34 þúsund manns.

Hvernig viljum við búa að kjörum, búsetuskilyrðum, tómstundum, atvinnumöguleikum, félagsstörfum og öðrum hagsmunamálum þeirra.

Margt jákvætt hefur áunnist á síðustu áratugum hvað þau mál varðar en það má og það verður að gera betur í þessum mikilvæga málaflokki.



Sá hópur er stór og býr við ólíkar aðstæður, en hefur mikinn vilja og áhuga til að vera virkari í samfélagslegu starfi.

Það eru ótal mörg tækifæri til að efla þátttöku eldri borgara í fjölmörgum samfélagslegum verkefnum. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að víðtæk reynsla og þekking þeirra sem eldri eru sé vannýtt auðlind sem allt of lengi hefur verið horft framhjá. Þekking, löng lífsreynsla, þroski og kunnátta er auðlind sem við eigum að nýta og finna farveg til að láta það gerast. Starfslok eiga ekki að vera endastöð því almennt hefur fólk góða heilsu

langt fram yfir starfslok. Um fjölmörg viðfangsefni er að ræða fyrir þann aldurshóp í þágu íslensks samfélags.

### En hvenær verður fólk gamalt og hverjir eru það sem við nefnum í daglegu tali eldri borgara eða aldraða.

- Er það þegar einstaklingur á rétt á að þiggja ellilífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins ?
- Er það þegar einstaklingur lætur af hefðbundnu starfi vegna aldurs ?
- Er það þegar einstaklingur missir vinnu upp úr sextugu og fær ekki annað starf vegna þess að hann þykir of gamall ?
- Hvenær byrjar fólk almennt að velta því fyrir sér hvort það sé orðið gamalt og þar með komið í þann hóp samfélagsins sem kallast eldri borgarar ?
- Hvernig líður því fólki, sem upplifir það með einum eða öðrum hætti að vera orðinn eldri borgari.

Þessum spurningum er auðvitað mjög erfitt að svara. Það er á hinn bóginn mikilvægt fyrir góða andlega líðan að hafa hlutverk í lífinu. Það á við um alla aldurshópa, ekki síst þá sem komnir eru á efri ár. Það er auðvelt að sýna fram á að því virkara sem eldra fólk er og því fleiri hlutverk sem það hefur, þeim mun meiri er lífsgleði þess, hamingja og betri andleg heilsa. Fólk er ánægðara, finnst það skipta máli.

Það hefur hlutverk, ekki þau sömu og áður, en er þátttakandi í þjóðfélaginu og hefur sömu lýðræðislegu réttindi og aðrir borgarar.

Vissulega hafa margir skipulagt sinn tíma eftir að efri árin taka við og hafa mörgu að sinna. En það á því miður ekki við um alla, sem myndu fagna fleiri tækifærum til frekari þátttöku í þjóðfélaginu.

En þá er spurningin þessi. Hversvegna er þekking og reynsla aldraða ekki nýtt betur ? Þeir eru ekki síður veitendur en þiggjendur. Ef til vill er það vegna þess að ungt og miðaldra fólk er almennt ekki að velta fyrir sér hlutskipti þeirra sem eldri eru, þótt vissulega sé til margt yngra fólk sem gerir það. Tíminn frá því fólk fer á eftirlaun, þar sem slík úrræði þyrftu að vera fyrir hendi, getur orðið einn til tveir áratugir, ef ekki lengri.

Víða erlendis gegna eldri borgarar ábyrgðarmiklum hlutverkum. Þetta á jafnt við um þátttöku þeirra í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum. Þátttaka þeirra á þessum vettvangi er mun minni hérlendis. Það er helst á vettvangi frjálsra félagasamtaka og svo auðvitað í starfi fjölmargra samtaka eldri borgara, sem þátttaka þeirra hér á landi fer vaxandi.

Það er ekki algengt að einstaklingar yfir 67 ára aldri taki þátt í ýmsum stjórnunarstörfum þrátt fyrir að þeir búi yfir víðtækri reynslu og þekkingu. Þó hefur það aukist eitthvað á undanföllum árum. Einnig er það staðreynd að í langflestum tilvikum eru eldri borgarar, jafnvel 60 ára og eldri, ekki inni í myndinni þegar auglýst er eftir fólki í stjórnunarstörf. Sá hópur þykir einfaldlega orðinn of gamall.

Brýn verkefni eru á flestum sviðum til staðar í samfélaginu. Mikilvægt er að tengja saman yngri og eldri borgara við lausnir margvíslegra þjóðfélagsverkefna og nýta þannig betur þekkingu og reynslu þeirra sem eldri eru. Tengslanet

þeirra á mörgum sviðum, bæði hérlendis og erlendis, er víðtækt og getur án efa auðveldað lausnir ýmissa viðfangsefna.

Í ræðu á sænska þinginu fyrir skömmu sagði forsætisráðherra Svía, Fredrik Reinfeldt, meðal annars þetta: „Við skulum ekki líta á eldra fólk sem byrði, eða þjóðfélagslega íþyngjandi stétt í samfélaginu. Nú eru nefnilega breyttir tímar, fólk lifir lengur og er heilsubetra. Við megum heldur ekki gleyma því að eldri þegnum þessa lands fjölgar stöðugt. Við ráðum ekki lengur við að reka það velferðarkerfi sem við höfum haft undanfarna áratugi. Það þarf að endurskoða skipulag vinnumarkaðarins og í því sambandi er eldra fólk að auðlind þar sem er að finna þekkingu, reynslu og siðferði sem við þörfumst í dag. Þess vegna eigum við að aðlaga vinnumarkaðinn þörfum nútímans og þar gegna eldri þegnar þessa lands mikilvægu hlutverki“ Orð í tíma töluð hjá sænska forsætisráðherranum.

Hlutfall aldraðra af íbúafjölda mun aukast mikið á næstu áratugum. Í dag eru 67 ára og eldri 10.6% af íbúafjölda landsins en Hagstofan spáir því að árið 2030 verði hlutfallið 17.4% eða rúmlega 60% aukning. Meiri þátttaka þeirra í nútímasamfélagi yrði öllum til góðs. Þannig gætum við byggt upp betra samfélag þar sem þekking allra kynslóða kemur saman. Slík stefna er góð fyrir okkar samfélag. Allir eldast, einnig ungt og miðaldra fólk.

Yngra fólk ætti að sinna betur málefnum aldraðra og taka þátt í að efla stöðu þeirra í samfélaginu, vera þátttakendur í baráttumálum þeirra og kynna sér vel það mikla og fjölbreytta starf sem eldri borgarar vinna víða í samfélaginu. Eldri borgarar þurfa einnig að láta sig varða málefni yngra fólks. Þeir hafa oft aðra sýn á málum sem snerta okkur öll, vegna þess að þeir byggja á og geta deilt af reynslu sinni.

Auðlegð okkar Íslendinga á komandi tímum mun ekki síst byggja á menntun og auknu samstarfi yngri og eldri þjóðfélagsþegna. Ungu fólk í landinu, sem lokið hefur námi og er með nýjustu þekkingu, sköpunarhæfileika og mikinn metnað, þarf á stuðningi og leiðsögn frá eldri og reynsluríkum einstaklingum.

Ísland á að skapa þeim sem eldri eru bestu skilyrði til að eldast með reisn og virðingu og um leið með hlutverk og tilgang í okkar samfélagi. Þannig getum við orðið fyrirmynd annarra þjóða í að leiða getu, hæfileika og reynslu þeirra til öndvegis á sem flestum sviðum þjóðlífsins.

Jafnframt þurfa þeir sem eru að nálgast efri árin að búa sig eftir bestu getu undir starfslok og breytt hlutverk í lífinu. Það verkefni þarf gott samstarf við þá sem yngri eru. Í þessum tilgangi geta háskólarnir lagt sitt af mörkum, m.a. með

ítarlegum rannsóknum á mögulegri þátttöku eldri borgara í margvíslegum samfélagsmálum, alvöru þátttakendum í íslensku samfélagi Það væri verðugt verkefni fyrir háskólasamfélagið.

Áhugi minn á málefnum aldraðra kviknaði fyrir alvöru þegar ég var 35 ára gamall og var á þeim tíma að hefja störf í borgarstjórn, eða árið 1982. Fyrir þann tíma og á næstu árum voru málefni aldraðra í hávegum höfð í borgarstjórn. Mikil uppbygging stofnana fyrir aldraðra átti sér stað á þessum tíma og létu borgarfulltrúar eins og Albert Guðmundsson, Páll Gíslason, Davíð Oddsson, Adda Bára Sigfúsdóttir og Kristján Benediktsson ásamt fleirum þessi mál mikið til sín taka. Þessi einstaklingar og fleiri áttu stóran þátt í því að beina sjónum mínum að margvíslegum baráttumálum eldri borgara.

En það var fleira sem hafði áhrif á mig í þessum efnunum. Mikil og sterk tengsl við afa og ömmu, móðurforeldra mína tengdi mig sterklega við líf og störf gamla fólksins, en föðurforeldrar mínir voru báðir látnir þegar ég fæddist. Það var trú þeirra, þrautseigja, lífsbarátta, gleði og bjartsýni sem sýndi mér svo sterkt, barninu og unglíngnum, hvað eldra fólk hefur mikið að gefa sér yngra fólki í vegarnesti í lífinu.

Þau mótuðu tvímælalaust mín tækifæri síðar í lífinu til að skynja mikilvægi þess að búa vel að eldra fólk og tryggja þeim eins og best verður á kosið öryggi og góð lífsskilyrði á síðasta æviskeiðinu. Í tíð þeirra voru færðar fórnir sem við höfum ekki þurft að færa. Því er sárt til þess að hugsa að eldri kynslóðin í dag virðist stundum vera gleymda kynslóðin. Nú nýlega birtist könnun um hvar í heiminum væri best að vera móðir. Enginn hefur enn spurt um hvar væri best að vera aldraður.

Í lok þessarar hugleiðingar minnar langar mig til að vitna í ummæli 85 ára gamals manns í bók sem heitir „Orðið ljóst“, þýdd af Þórarni Eldjárn. Þar má finna samanlagða visku og lífsspeki margra kynslóða, þar sem öll svör hefjast á orðunum „Mér er orðið ljóst“. Þessi 85 ára gamli maður svaraði: „Mér er orðið ljóst að ungt fólk þarfnast ástar, virðingar og lífsvisku aldraðra, og að aldraðir þarfnast ástar, virðingar og styrks unga fólksins“.

Höfum ávallt í huga sannleiksgildi þessara orða, sem sýna okkur mikilvægi skilnings og samstöðu yngri og eldri kynslóða í landinu.

# Þátttaka í kostnaði á dvalar- og hjúkrunarheimilum

**Í þessari grein ætla ég að fjalla um dvalarkostnað þann, sem íbúar á dvalar- og hjúkrunarheimilum þurfa að greiða sjálfir en þar finnst mér sanngirni ekki vera ríkjandi frekar en í skattheimtu gagnvart mörgum eldri borgurum, en ég ætla að skrifa um þennan hóp, því þar þekki ég best til. Mér finnst ekki óeðlilegt að þeir, sem eiga stóra sjóði og miklar eignir taki einhvern þátt í kostnaði, en þegar um er að ræða fólk sem er að fá greiðslur, sem ná ekki lágmarkslaunum, sem eru kr.193.000 á mánuði; þá gegnir öðru máli. Á vefsíðu Tryggingastofnunar stendur skrifað um þátttöku í dvalarkostnaði:**



Ingibjörg Marmundsdóttir  
Holsvöllum

Íbúar geta þurft að taka þátt í dvalarkostnaði sínum vegna varanlegrar búsetu á dvalar- eða hjúkrunarheimili. Þátttakan er tekjutengd og er reiknuð út á grundvelli tekjuáætlunar. Á árinu 2012 gildir að ef mánaðartekjur íbúa eru yfir 65.005 kr. á mánuði, eftir skatta, þá tekur hann þátt í dvalarkostnaði með þeim tekjum sem umfram eru. Greiðsluþátttaka verður þó aldrei hærri en 311.741 kr. á mánuði.

Þessi upphæð kr. 65.005 krónur hefur ekkert hækkað a.m.k. frá árinu 2009 en allar neysluvörur hafa hækkað gífurlega á þessum þremur árum. Nú kann einhver að spyrja? Dugar þessi upphæð ekki, greiðir dvalarheimilið ekki allt fyrir fólk? Nei, það er alls ekki svo, íbúar borga til dæmis: Allan fatnað, gleraugu, heyrnartæki, hársnyrtingu, fót snyrtingu, nudd, hreinlætis- og snyrtivörur, áskriftir, hannyrðavörur, kaffi og smá veitingar til að eiga „inni hjá sér.“ Sumir eiga bíla og allir vita að dýrt er að reka þá, þó ekki sé um að ræða Hummera eða háglansandi Range Rovera, sumir fara í ferðalög utan lands og innan, sækja tónleika, leikhús, gefa jóla,-fermingar- og afmælisgjafir.

Á vefsíðu Velferðarráðuneytis er að finna neysluviðmið einstaklings fyrir einn mánuð og þar stendur:

Föt og skór	kr. 13.412
Tómstundir og afþreying	kr. 36.055
Ökutæki	kr. 81.265
Annar ferðakostn.	kr. 10.393
Sími og fjarskipti	kr. 10.858
Samtals	kr. 151.983

Þarna vantar kr. 86.978 upp á að 65 þúsund kallinn dugi. Þó bíllinn sé tekinn út vantar enn upp á. Í neysluviðmiðið vantar líka ýmsa liði, sem taldir voru upp hér að ofan.

Þeir sem sækja um vist á dvalarheimilum eru margir hverjir að sækja í öryggið, sem þar er að finna, eftir makamissi, veikindi eða önnur áföll, en það er ekki þar með sagt að ætlunin sé að steinhætta að lifa lífinu. Þeir sem borgað hafa í lífeyrissjóð hugsa sér gott til glóðarinnar að njóta lífsins og dekra við sig svo lengi sem heilsan leyfir.

Hvað kemur svo á daginn? Fólk fær skammtað 65.005 kr á mánuði af sínum eigin peningum og verður að sætta sig við það því það er niðurskurður!

Það er höggið þar sem hlífa skyldi. Ég efast um að þetta standist mannréttindalög og það er pottþétt að þetta er utan alls siðferðis. Háttvirtir Alþingismenn, ég minni á kosningar eftir ár og spyr: „**Finnst ykkur þetta allt í lagi?**“



200 Kópavogur

# Kópavogstún 2-4

## Nokkrar íbúðir eftir!

Nú eru framkvæmdir komnar á fullt við þetta frábæra hús í Kópavogi. Samtök aldraðra í Reykjavík og byggingarfélagið Dverghamrar vinna að þessu 28 íbúða lyftuhúsi í sameiningu. Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymslu og íbúðirnar eru afhentar fullbúnar með gólfefnum, ísskáp og uppþvottavél.

Þær íbúðir sem eru lausar eru 2ja, 3ja herbergja íbúðir og þakíbúð.

Um er að ræða afar metnaðarfulla nýbyggingu á besta stað.

Afhending eignanna er áætluð í nóvember 2013.

**Verð frá 28,0 - 75,0 millj.**

F A S T E I G N A S A L A N  
**MIKLABORG**

Við erum við símann

**569 7000**

Síðumúla 13 [www.miklaborg.is](http://www.miklaborg.is)

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -



Kreppufóstur Samtaka aldraðra, fullvaxta og fullkomið. Suðurhlíðar Sléttuvegar 29-31.

## Bótaþegar fastir í vef svika og blekkinga

**Tap lífeyrissjóða upp á hundruð milljarða króna er bara toppurinn á svika og blekkingum þeirra sem ráða öllu um meðferð fjár sem almennir launþegar eiga í sjóðunum.**



Guðmundur Ingi Kristinsson  
Öryki og formaður BÓTar

Ég hef verið öryki í um nær 20 ár og því verið á örorkubótum frá Lífeyrissjóði verslunarmanna(LV) og Tryggingastofnun ríkisins(TR). Það sem ég hef orðið var við er það að lífeyrissjóðsbæturnar er ekki bara skattlagðar um 100% heldur eru þær notaðar einnig til að skerða húsaleigubætur og því er skerðingin orðin vel yfir 100%.

Hvaða er að hjá þeim hálaunuðu ráðherrum, verkalyðsleiðtogum og vinnuveitendum sem hanna

skerðingarkerfi sem er svo meingallað að það skattar allan sparnað í núll og ekki bara núll heldur einnig í mínus?

Jú þeir raula lagið núna «Við gerum okkar, við kerum okkar besta», en ekki fyrir okkur sem lepjum skerðingardauðan úr skel. Nei, nei þeir gera sitt besta til að tryggja þeim sjálfum góðan, mjög góðan lífeyrir upp á milljónir króna á mánuði og það án nokkrar skerðingar.

Jóhann, forsætisráðherra og Steingrímur fjöldaráðherra, sem nær allan sýna hunda og kattasmölnunartíð hafa verið á ríkisjótunni fá um milljón í eftirlaun á mánuði er þeirra eftirlaunatíma kemur. Ekki verður skert króna af þeirra eftirlaunum vegna húsaleigu, vaxta eða vegna annarra skerðinga, sem hinn sauðsvarti bótaauli í skerðingarkerfi TR lendir í og þar er ekkert gefið eftir allt skert og allt tekið þannig að fólk bara sveltur.

Tekið er nær allar bætur hjá TR í heilt ár og það eftirá og bótaþegar sem í þessari skerðingavitleysu lenda standa eftir aurlausir og bara svelta. Þetta er skerðing vegna vaxtabóta, eða vantalda lífeyrissjóðsgreiðslna sem fólk fékk í einni summu vegna bót aftur í tíman. Bótaþegar verða ekki bara að sjá fram í tíma fyrir TR um vexti og verðbætur og reikna það í topp og það upp á krónu, heldur einnig að sjá hvað þeir fá afturreiknaðan bótarétt frá lífeyrissjóðunum og síðan að reikna og borga til TR. Allt þetta verður veikt fólk að gera til að sleppa við fulla eða hlutaskerðingu frá TR.

Hagfræðingar í fleirtölu geta ekki reiknaða þetta, hvað þá gamalt veikt og slasaða fólk. Hvað er að ykkur svo kallaðri



hálaunastétt? Er þetta ykkar gróði, að niðast á veiku og gömlu fólki? Er þetta gert bara til að þið ríku hafið það alltaf gott og það á okkar kostnað? Svar óskast. Þögn er sama og samþykki.

En getur TR endurreiknað og leiðrétt skerðingar til mín vegna þess að ég á að fá smá hækkun hjá þeim vegna skerðingar á bótum frá LV ?? Skerðingarstofnunin sjálf með alla sína reiknihagfræðinga, getur hún reiknað það sama og hún gerir kröfu um til bótaþeganna?

Í bréfi til mín frá TR dagsett 9. des. sl. um uppgjör tekjutengdra bóta vegna ársins 2010 segir að það muni dragast fram í febrúar 2012. Þar segir orðrétt:

„Tryggingastofnun ber að endurreikna tekjutengdar bætur þegar endanlegt skattframtal liggur fyrir. Almenn útsending vegna endurreiknings 2010 fór fram á tímabilinu júlí-október 2011. Ekki hefur enn náðst að endurreikna bætur þínar vegna ársins 2010 þar sem um mjög viðamikla yfirferð er að ræða en von er á að því ljúki fyrir lok febrúar nk. Þegar endurreikningi bóta þinna lýkur verður þú upplýstur um niðurstöðuna.“

Ég er bara með bætur frá lífeyrissjóði (LV) og TR, en það er svo flókið mál að fara yfir það fyrir TR að það var ekki hægt á löglegum tíma sem er 4 mánuðir, heldur er þörf á helmingi lengri tíma það er 8 mánuði? Það sem tekur Tryggingastofnun ríkisins átta mánuði í það minnsta að gera eiga við bótaþegar að gera á einum degi. Refsað vel fyrir og það strax ef við getum það ekki.

Ég sem öryrki verð að leiga íbúð og borga um 50% af skertum bótum í leigu, enn má ekki kaupa íbúð og borga bara um 20-25% af bótum í hana. Leigutekjur eru skertar af öllum tekjum, nema tekjum frá TR, en þær eru alltaf að lækka. Atvinnuleysisbætur, félagsbætur, lífeyrissjóðsbætur allt notað til að skerða burt allar leigubæturnar.

Ef ég fæ 3,5% hækkun sem er rúmlega þúsundkall, já 1.000.- krónur þá er þegar búið að skerða mig um fimmþúsund krónur sem er verðtryggingarbæturnar frá LV og þess vegna hef ég verið skertur(peningalega) um tug þúsunda frá hruni og þar á meðal er hinn heillagi grunnlífeyrir þeirra skótuþjúga Jóhönnu og Steingríms. Ekkert heillagt lengur, allt í skatt.

Jóhanna,(S) Steingrímur,(VG) Gylfi, (ASÍ), Vilhjálmur (SA) og aðrir í hálaunaelítunni eiga sín hús skuldlaust og fá að hafa sinn sparnað og allar sínar eignir skerðingarlausar. Allt sem þau eiga er þeirra eign, en allt sem lálaunaþrællinn og bótaaularnir eiga skal skert til fátæktar og helst svo vel að fólk eigi ekki til hnífs og skeiðar.

Hvað er til ráða? Unga fólkið, gamla fólkið og aðrir bótaþegar eiga að taka völdin og kjósa nýtt fólk í stjórnir verklýðsfélaga og einnig fá öðrum völdin á Alþingi en þessari ísköldu vinstri norrænu velferðarstjórn svokallaðri af þeim sjálfum sem bara hefur ausið yfir okkur skerðingarsósu svika og blekkinga. Hættum að láta allt yfir okkur ganga og tökum málin í okkar hendur og það strax.



## GJAFAKORT SEM HÆGT ER AÐ NOTA HVAR SEM ER

### Finnur þú ekki réttu gjöfina?

Gjafakort Arion banka hentar við öll tækifæri og hægt er að nota það við kaup á vöru og þjónustu hvar sem er. Þú velur fjárhæðina - einfaldara getur það ekki verið.

Gjafakortið fæst í öllum útibúum Arion banka.



# Enn seinkar byggingu Þjónustuselsins við Sléttuveg

Fyrir fjórum mánuðum var okkur tjáð að byggingarframkvæmdir hæfust apríl mánuði, nú er sagt að framkvæmdir hefjist á vormánuðum 2013, Mikil vonbrigði.

„...Hvort lentuð þið þá í hálfvelgju, hiki  
og hugsjónaflotta, góðir menn?  
Hefur viljinn, sem bjó í þeim  
dálífúsum draumum,  
Síg dregið í skel fyrir vaxtarins straumum.  
Þeir svari, sem vilja. En sjá hér er landið!  
Og sjá hér er fólkíð!  
Hvað vottast þar?...“

(Jóhannes úr Kötlum)

Hver er óskin? Fá svæðisbundna hjúkrunar og heimilisþjónustu í Sléttuvegshverfinu, þá uppskerum við öryggi, sjálfstæði og reisn íbúanna og miljarða sparnað fyrir ríkis og Borgarsjóð á ári.

Markmiðið að „allir búi heima sem lengst“ hentar auðvitað ekki öllum, því til að einstaklingur geti búið heima, þarf að vera hægt að tryggja öryggi hans þar.

Það er ætlað DAS að byggja og reka þjónustuselið við Sléttuveg, undir vökulum augum Velferðaráðs Reykjavíkurborgar. Hefjast átti handa við framkvæmdir 2007 – enn bíðum við. Ef þetta heita ekki skitleg vinnubrögð, þá hvað, kannski prettir og svik. Svik allavega.

Samtök aldraðra þurfa að tryggja íbúðareigendum aðgang að heimilis og hjúkrunarþjónustu í húsunum eða næsta nágrenni, eða byggja og reka sjálf þá þjónustu ef annað er ekki í boði.



Þjónustuselið verður vestan við Sléttuveg 29.

## Sameignarhlutar samstæðunnar Sléttuveg 29-31



# Frá feigðarósi

Íslendingar verða ávalt að tefla á tæp vöð, við verðum að stóla á góðar afurðir og vænlega markaði, þessa höfum við alltaf þurft og munum þurfa. Við verðum fyrst og síðast að stóla á okkur sjálf það höfum við alltaf þurft og munum áfram þurfa. Auðvita eru - þúkarnir á fjósbitanum margir og vissulega er erfitt fyrir okkur að kveða fólin niður en það verður við að gera til að standa undir nafni.

Við þökkum hinsvegar forsjóninni fyrir að hafa átt djarfa frumkvöðla, og því að við búum Ísland, við búum við verðmæti og höfum byggt með þeim mikil verðmæti í menntun og menningu og atvinnutækni og við eigum öryggi í heimsins bestu heilbrigðis þjónustu. En við verðum að taka undir heróp Einars Ben: Sé almúginn sínum foringjum framar, er festa hans vígsins síðasta hamar. Vaknaðu, reistu þig lýður míns lands. Stjórnálamenn og konur--það eru kosningar framundan.

## Við erum vögnuð eldri borgarar...!

Vonandi fáum við að upplifa stjórnálamenn og konur á Alþingi við Austurvöll, sem kunna að greina hinn daglega vanda, kunna

en samræðulist stjórnárama þar sem viljinn til samræðu er allt sem þarf,- og hafa vilja til að leysa vanda sem liggur fyrir á hverjum tíma. Í samstarfi og samræðu við hagsmunu hópanna í samfélaginu. Nú ríður á að Austurvallar kórinn verði samhljóma og ófalskur og sýni að þau séuð engar byggðagungur.

Þannig skapa þau samhljóm með þjóðinni allri, og þá verður virðing þjóðarinnar vakin á ný, einkum hjá útlögum öryrkja og eldri borgara.

Í „Skógarmanninum“ hjá skáldinu úr Kötllum er lífsbjörg útlagans lýst í kynngimagnaðri stemmu.

EGJ.

Bekkest er mjög við byggðagungur

- brotin skörð í þeirra auð.

Fetar einn um fen og klungur

frár og skyggju í þungri nauð,

ærist við sítt hljóða hungur,

- hleypur uppí vænan sauð.

# Þarf að vera svona erfitt að vera Íslendingur?

Framtakssjóðurinn er verkfæri til upprisu athafna fyrir vinnufúsar hendur og atvinnufyrirtæki okkar frá því feigðarfeni sem þjóðin er næstum drukknud í. Framtakssjóðurinn á ekki nein tengsl við frjálshyggjuna sem yfir okkur hefur lagðist og næsta drekkt okkur í sínu eigin feni.

Sjóðirnir eru uppvaxnir frá samningum launþega og atvinnufyrirtækja en eru eign launþega. Það er því gleðiefni við þær aðstæður sem nú ríkja að launþegar, meðal annarra, geti staðið fyrir endurreisn frá vá þeirri sem frjálshyggjan hefur leitt okkur í.

Auðvitað verður krefjast hreinna handa í stjórn sjóðsins til starfa við endurreisn athafnalífsins, en þarf fyrst og síðast að ríkja fullkomið gegnsæi, jákvæðni og samstöðuvilji hjá þeim sem stjórna þessum hreinu höndum í sjóðsstjórninni til að endurreisnin takist. Og hún verður að takast ekki síst vegna þess að allir stjórmenn virðast vera launamenn með hreinar hendur. Sérhagsmuna potið heldur þó áfram eins og ekkert hafi breyst,

nýja Ísland er fjarlæg draumsýn. Stjórn málaelítan þarfnast endurhæfingar það er ljóst. Væl í bændum og fólki í barneign er nægilegt til að brjóta á bak aftur ætlaðan niðurskurð og sparnað.

Það er fæðingarorlof, garðyrkjubændur, dúntekjumenn og fjárbændur sem vælið vekur þingmenn til ódáða og vitleysisverka, en athugasemdir 30 þúsund eldri borgara um víðtækar kjaraskerðingar og eignarupptöku er slett af ennum unglínganna á Alþingi sem ómerkilegum svita í hita leikritanna í húsi fátánleikans við Austurvöll.

Gamla fólkið segir sjálfsgagt eins og Sveik sagði eftir dauðadóminn „ef þarf að hengja mig til að koma á aga í hernum, þá verður að hengja mig“ og hefur ekki frammi hefðbundin þrýsting innvígðra vælista.

Hvað ræður? sennilega tónhæð vælsins og gamlar grónar venjur. Þingmenn hafa sennilega ekkert lært. EGJ

*Stíklan sem Stefán Jónsson kvæðamaður og vinnufélagi ritstjóra, kvæð í uppgjöri við Jóhönnu, er kvæða fréttabréfs Samtaka aldraðra til allra stjórnmalamanna.*

Nú er ég kominn á nírræðisaldur  
í nösunum merki ég grafarmoldarþef  
Fjármálaráðherra verður þess valdur  
Að viðnám við dauðanum lítið ég hef.  
Með heilagrí Jóhönnu hamast nú á mér  
Og hirtir þá aura, sem sparað ég gat  
Til ellinnar hugðist ég eiga þá hjá mér  
Svo efni ég hefði á lyfjum og mat.

Við gamlingjar höfum víst breiðustu bökin  
Og brugðist því getum við álagahríð  
Á okkur dæmist á sukkínu sökín  
Og svelta því megum um ókomna tíð.  
Andmæla réttur mér engin er gefinn  
Því ei mátti verða á framkvæmdum töf,  
Hjá ríkisstjórn Jóhönnu réiddur var hnefinn  
Svo rétt hef ég hvorki á kistu né gröf.

# Íbúðir til sölu



## Aflagrandi 40 íb. 505

- 2ja herbergja íbúð á 5. hæð, merkt 05-05 er til sölu.
- Íbúðin er 69,0 m<sup>2</sup>. Sérgeymsla 3,5 m<sup>2</sup> er innan íbúðar og í kjallara er einnig sérgeymsla.
- Eikarparket er á stofu, eldhúsi og gangi. Vinyldúkur er á svefnherbergi og geymslu. Öryggisdúkur á baðherbergi.
- Eldhúsinnrétting, hurðir hvítar með beykikantlímingu. Borðplötur úr beyki. Electrolux eldavél, fjórar hellur.
- Innihurðir og fataskápar eru spónlagðir með beyki spæni.
- Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með veggdúk.
- Sturtuhorn úr hertu gleri.
- Svölum er lokað með einföldu gleri. Gólfíð er flísalagt.
- Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð með þvottavél og þurrkara.
- Gott útsýni er í suður og vestur.

**Framreiknað verð er kr. 23.080.000,-.**



## Aflagrandi 40 íbúð 0402

- 2ja. herbergja íbúð á 4. hæð, merkt 04-02 er til sölu.
- Íbúðin er 69,0 m<sup>2</sup>.
- Sérgeymsla 3,5 m<sup>2</sup> er innan íbúðar.
- Á stofu, eldhúsi og svefnherbergi eru nýlagðar gólfplísar 40x40 cm. Öryggisdúkur á baðgólfi. Eldhúsinnrétting, hurðir hvítar með beykikantlímingu. Electrolux eldavél og útsogsvifta frá Rafha.
- Innihurðir og fataskápar eru spónlagðir með beykisþæni.
- Vinyldúkur er á veggjum í baðherbergi. Innrétting með innbyggðri handlaug . Sturtuhengi.
- Tengi fyrir þvottavél í baðherbergi.
- Svölum er lokað með gleri í álprófflum. Gott útsýni. Svalagólfíð er flísalagt.
- Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð með þvottavél og þurrkara.

**Framreiknað verð er kr 22.720.000,-.**



## Bólstaðarhlíð 45 íbúð 0601

- 2ja herbergja íbúð á 6. hæð, merkt 06-01 er til sölu.
- Íbúðin er 69,9 m<sup>2</sup>.
- Sérgeymsla er innan íbúðar. Íbúðin er öll nýmáluð.
- Á stofu og gangi er eikarparket. Vinyldúkur á svefnherbergi og eldhúsi.
- Öryggisvinyldúkur á baðherbergi.
- Eldhúsinnrétting, fataskápar og innihurðir eru spónlagar með ljósum spæni.
- Sturtuklefi úr áli og hertu gleri. Innrétting er með innbyggðri handlaug. Tengi f. þvottavél.
- Svölum er lokað með einingum frá Gluggum & Garðhúsum. Gólfíð er flísalagt og einangrað.
- Sameiginlegt þvottahús er á 1. hæð með þvottavél og þurrkara.

**Framreiknað verð er kr. 22.670.000,-.**



### Dalbraut 14 íbúð 0103

- 3ja herbergja íbúð á 1. hæð, merkt 01-03 er til sölu.
- Íbúðin er 86,3 m<sup>2</sup>.
- Sérgeymsla er í kjallara um 6 m<sup>2</sup>.
- Parket úr eik er á stofu, svefnherbergi, herbergi, eldhúsi og gangi. Öryggisdúkur er á baði.
- Innihurðir, skápar og eldhús er spónlagt með eikarspæni.
- Helluborð og bakaraofn eru frá AGE.
- Baðherbergisveggir eru flísalagðir í hæðina 210 cm. Innrétting er með innbyggðri handlaug. Inn af eldhúsi er þvottahús og geymsla með vask og hillum.
- Svalagólfíð er flísalagt.
- Útveggir eru einangraðir að utan og klæddir með lituðu áli.
- Sameiginlegt þvottahús er í kjallara með þvottavél og þurrkara.
- Upphitað stæði í bílsgeymslu með þvottaaðstöðu fylgir með.

**Framreiknað verð er kr 29.230.000,-**



### Dalbraut 20, Íbúð 0302

- 2ja herbergja íbúð á 3. hæð, merkt 03-02 er til sölu.
- Íbúðin er 52,0 m<sup>2</sup>.
- Geymsla eru innan íbúðar.  
Geymsla er einnig í kjallara ca.6,7 m<sup>2</sup>.
- Korkflísar eru á stofu, eldhúsi, svefnherbergi, gangi og geymslu.
- Öryggisvinyldúkur er á baði.
- Eldhúsinnrétting og fataskápar eru með ljósum hurðum kantlímdum með beyki.
- Electrolux eldavél. Útsogsvifta frá Rafha.
- Innihurðir eru spónlagðar með beyki spæni.
- Í baðherbergi er handlaug innbyggð í borðplötu.
- Tengi er fyrir þvottavél á baði. Sturtuhengi er um sturtuhorn.
- Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er í kjallara.

**Framreiknað verð er kr 18.980.000,-**



### Bólstaðarhlíð 45, íbúð 0605

- 2ja herbergja íbúð á 6. hæð, merkt 06-05 er til sölu.
- Íbúðin er 69,9 m<sup>2</sup>.
- Sérgeymsla er innan íbúðar.
- Gólfefni: Á stofu, svefnherbergi og gangi er eikarparket. Korkflísar á eldhúsi. Öryggisdúkur baðherbergi. Vinyldúkur geymslu.
- Eldhúsinnrétting, fataskápar og innihurðir eru spónlagt með ljósum spæni.
- Flísalagt milli skápa í eldhúsi.
- Baðherbergisveggir eru flísalagðir í hæðina 240 cm. Sturtuklefi úr hertu gleri og áli. Tengimöguleiki fyrir þvottavél á baði.
- Íbúðin er á ágætu standi. Útsýni austur-suður og vestur.
- Sameiginlegt þvottahús er á 1. hæð með þvottavél og þurrkara.

**Framreiknað verð er kr 22.340.000,-**



**ATAFL**

# **GÆÐI Í VERKI BYGGÐ Á ÁRATUGA REYNSLU**

Atafl ehf er öflugt alhliða verktakafyrirtæki sem býr yfir viðurkenndri sérþekkingu og starfar víðsvegar um landið. Verkefnin eru fjölbætt og spanna víðtæk svið en sérgrein fyrirtækisins er mannvirkjagerð, viðhald og endurnýjun.

Starf fyrirtækisins er metnaðarfullt og beinist stöðugt að því að bæta og treysta þjónustu við viðskiptavinum ásamt því að auka hagkvæmni.

Atafl leggur áherslu á,

- Áreiðanleika í verki
- Góða þjónustu
- Vandaða þjónustu
- Hagkvæmni